



14. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

mánudagur 4. mars 2024 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir varaformaður (BL), Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK), Herbert Arnarson (HA), Ágúst Angantýsson (ÁÁ), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK) og Einar Hannesson (EH).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðaði: Jón Bender (JB)

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Ekki verið send út ennþá.

2. Verklag stjórnar og funda

Farið almennt yfir verklag stjórnar og funda.

Góðar umræður.

3. Markaðs- & samstarfsaðilamál, veðmálaréttur og sjónvarpsmál

Farið yfir stöðuna eins og hún er í dag. Enn töluverð vinna eftir í veðmálaréttinum sem vonast er til að hægt sé að klára í kringum mánaðarmótin apríl/maí. Stefnt að því að klára sjónvarpsmálin fyrir miðjan apríl. Íslenskum toppkörfubolta (ÍTK) er haldið upplýstum um stöðuna og fundað með þeim. Þurfum ný fyrirtæki sem almenna samstarfsaðila.

4. Skuldir félaganna vegna jöfnunarsjóðs

Skuldir félaganna um hver mánaðarmót vegna jöfnunarsjóðs. Farið yfir þessi mál og stjórn samþykkir að þau félög sem ekki greiða reikninga á réttum tíma í meistaraflokkum karla og kvenna skuli sæta refsingu samkvæmt grein 6 í reglugerð um körfuknattleiksmót, sem þýðir að á meðan félag greiðir ekki þá tapast leikir þeirra 20-0.

Næsti fundur þriðjudaginn 2. apríl kl. 17:00.

Fundi slitið 19:10